Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf.
Hlíðasmára 2 · 201 Kópavogi
588-6288 · vbv.is · vbv@vbv.is

Vatnsendablettur
Gatnagerð
Jarðvegsskipti og kennisnið gatna

Minnisblað

Dagsetning: 5. desember 2025
Höfundur: VBV
Viðtakandi: Davíð Berndsen, Ásgeir Örn Hlöðversson. Afrit: Birkir Rútsson, Kópavogsbæ.


Efni: Vatnsendablettur – Jarðvegsskipti og kennisnið gatna

Inngangur

Verkefnið felst í hönnun á endurgerð gatnanna Vatnsendabletts og Kríunesvegar í Kópavogsbæ.

Í þessu minnisblaði verður fjallað um hvernig lagt er til að uppbyggingu gatna verði háttað út frá þeim jarðvegsaðstæðum sem eru á svæðinu.

Bláar línur á myndinni hér að neðan sýnir þá kafla sem um ræðir:



Mynd 1 Götur sem verða endurgerðar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf.
Hlíðasmára 2 · 201 Kópavogi
588-6288 · vbv.is · vbv@vbv.is

Vatnsendablettur
Gatnagerð
Jarðvegsskipti og kennisnið gatna

Skipulag

Í gangi er vinna við nýtt aðalskipulag og deiliskipulag fyrir svæðið. Nýtt skipulag í vinnslu má sjá á mynd hér fyrir neðan:



Mynd 2 Deiliskipulagsuppdráttur í vinnslu. Myndin sýnir m.a. nýjar lóðir, aðkomugötur og græn svæði

Þversnið

Gert er ráð fyrir að endurgerðar götur verði malbikaðar og að gerð verði gangstéttar báðum megin. Hæðarlega gatna og stétta er fyrirhuguð nálægt núverandi yfirborði og því verða fláar í hliðarsvæðum gatna/stétta ekki teljandi.

Helstu stærðir kennisniðs

- Breidd akbrautar: 5,0 m
- Breidd gangstétta: 2,0 m

Umferðarmagn

Umferðartölur liggja ekki fyrir. Um er að ræða dreifbýlt íbúðahverfi þar sem uppistaðan eru einbýlishús ásamt því að Hótel Kríunes er staðsett neðst í hverfinu og endurgerð aðkomugötunnar að því er hluti af þessari hönnun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf.
Hlíðasmára 2 · 201 Kópavogi
588-6288 · vbv.is · vbv@vbv.is

Vatnsendablettur
Gatnagerð
Jarðvegsskipti og kennisnið gatna

Gera má ráð fyrir að umferð sé að mestu leyti minni ökutæki, fólksbílar. Auk þess þarf að gera ráð fyrir að einhverjar rútur fari til og frá hótelinu. Umferðarmagn er ekki talið vera það mikið að það sé ráðandi þegar kemur að vali á uppbyggingu gatna.

Jarðvegsskipti

Jarðvegsaðstæður

Dagana 27.11.2025 og 1.12.2025 voru grafnar fjórar prufuholur við núverandi götustæði. Markmiðið var að meta undirliggjandi jarðveg og kanna dýpi niður á burðarhæfan og fastan botn.

Staðsetning prufuhola er sýnd á myndinn hér að neðan:



Mynd 3 Staðsetning prufuhola

Í öllum holunum var komið niður á mjög þéttan og fastan jökulleir.

Prufuholurnar gáfu til kynna nokkuð svipaðar aðstæður á milli hola og jarðlagaskipan einsleit. Jarðlagaþykktir eru svipaðar þar sem komið er niður á mjög harða og þétta jökulurð/jökulleir. Ofan á jökulleir þessum er jökulruðningur og efsta lagið samanstendur af misþykku lagi af lífrænum jarðvegi.

Allar fjórar prufuholurnar sýndu að jökulruðningurinn er nokkuð sendinn. Burðarhæfur botn er metinn rétt neðan við lagmót moldar og jökulruðnings. Á köflum hefur jökulruðningurinn nokkuð hátt fínefnainnihald og því er jarðvegurinn metinn burðarhæfur en frostnæmur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf.
Hlíðasmára 2 · 201 Kópavogi
588-6288 · vbv.is · vbv@vbv.is

Vatnsendablettur
Gatnagerð
Jarðvegsskipti og kennisnið gatna


Jarðlög - Dýpi á fastan botn

Prufuholurnar sýndu að dýpi niður á fastan botn var frá 2,2 m til 3,0 m. Lagskil jarðlaga og dýpi á fastan botn í hverri holu fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan:

Hola nr.	Burðarhæfur botn dýpi [m]	Fastur botn dýpi [m]	Athugasemdir
P1	1,2	2,93	
P2	1,0	2,20	
P4	0,8	2,65	
P5	1,0	2,70	

Jarðvinnusnið gatna og stétta

Lagt er til að jarðvegsskipt verði að lágmarki niður á frostfrían jarðveg, þannig að lágmarksþykkt fyllingar undir götum verði 1,2 m. Lagt er til að lágmarksþykkt fyllingar undir gangstéttum verði 0,7 m. Tillaga að uppbyggingu má sjá á myndinni hér að neðan:



Mynd 4 Jarðvegsskipti fyrir götum og stéttum

Afvötnun

Fyrirhugað er að notast við blágrænar ofanvatnslausnir fyrir yfirborðsvatn/rigningarvatn. Afvötnun gatna verður með þeim hætti að yfirborðsvatn veður leitt í regnbeðum, rásum og/eða safnlögn undir kanti götu eða gangstétt í safntjarnir sem staðsettar verða í grænum svæðum.

Útfærsla blágrænna lausna getur verið með ýmsum hætti og ekki er hér verið að leggja til endanlega útfærslu. Verður það hluti af verkhönnun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026